BÓKASAFN
UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

# Þinggerð 26. þings U.M.S.K.

Sunnudaginn 21. nóv. 1948 var 26. þing Ungmennasambands Kjalarnes-haldið að Félagsgarði í Kjós. Varaformaður sambandsins Njáll Guðmundsson setti þingið í forföllum formannsins Gísla Andréssonar. Hann bauð þingfulltrúa velkomna og stakk uppá eftirtöldum mönnum í kjörbréfanefnd, þeim Axel Jónssyni, Bjarna Þorvarðarsyni og Halldóri Lárussyni.

Álit kjörbréfanefndar: Axel Jónsson hafði orð fyrir nefndinni, og skýrði frá að ekkert hefði fundist athugavert við kjörbréf fulltrúa. Kjörbréf höfðu borist fyrir eftirtalda fulltrúa.

Frá U.M.F. Dreng: Njáll Guðmundsson.
Ólafur Ág. Ólafsson.
Oddur Þórðarson.
Ólafur Andrésson.
Elín Ellertsdóttir.

Einn fulltrúi var ekki mættur en Axel Jónsson mætti sem varamaður.

Frá U.M.F. Aftureldingu: Ólafur Þórðarson
Ásbjörn Sigurjónsson
Magnús Lárusson
Halldór Lárusson
Jón Guðmundsson.

Frá U.M.F. Kjalnesinga: Teitur Guðmundsson
Bjarni Þorvarðarson.

Formaður stakk uppá starfsmönnum þingsins þeim Ólafi Ág. Ólafssyni sem (forseta) til vara Magnúsi Lárussyni, fundarritara Teiti Guðmundssyni og Oddi Þórðarsyni til vara.

Skýrsla stjórnarinnar: Ólafur Þórðarson flutti skýrslu stjórnarinnar og gerði grein fyrir störfum hennar. Haldnir höfðu verið fimm stjórnarfundir og unnið úr málum sem síðasta þing vísaði til hennar, og svarað bréfum sem borist höfðu, auk íþróttamótanna.

Reikningar sambandsins: Gjaldkeri las reikninga sambandsins fyrir síðasta starfsár og skýrði þá. Sambandið átti í sjóði frá fyrra ári kr. 2338,14. Tekjur á árinu námu kr. 4512,75. Gjöld á árinu námu kr. 2024,78. Tekjuafgangur nam því 2487,97 kr. Peningaeign sambandsins nam því alls 4826,11 kr. Reikningarnir voru undirskrifaðir af báðum endurskoðendum. Þá voru reikningarnir bornir upp til atkvæða og samþykktir samhljóða.

Nefndarkosning: Forseti þingsins stakk uppá eftirtöldum fulltrúum í nefndir, þannig.

Fjárhagsnefnd: Ólafur Þórðarson
Ólafur Andrésson
Bjarni Þorvarðarson.

Félagsmálanefnd: Njáll Guðmundsson
Teitur Guðmundsson
Halldór Lárusson

Allsherjarnefnd: Axel Jónsson, varamaður Odds Þórðarsonar
Jón Guðmundsson

Elín Ellertsdóttir

Magnús Lárusson

Ásbjörn Sigurjónsson.

Síðan var uppástunga forseta um nefndir samþykkt.

Frá sambandsráði: Ólafur Þórðarson skýrði frá setu sinni á sambandsráðsfundi, og skýrði frá tilhögun og undirbúningi landsmótsins að Eiðum. Þá ræddi Ólafur um styrkveitingar til íþróttamanna, og lýsti sig samþykkan þeim, en aftur á móti hefði íþróttafulltrúinn verið þeim mótfallinn á sambandsráðsfundinum. Þá mæltist hann til að ákveðið yrði viss fjárupphæð til styrktar íþróttamönnum, og yrði það tekið fyrir á þinginu. Einnig lagði hann til að stofnaður yrði sérstakur ferðasjóður íþróttamanna og valin leið til fjáröflunar fyrir hann. Þá tók til máls Ásbjörn Sigurjónsson og drap á, að styrkja þyrfti félagana almennt til fararinnar, því það væru fleiri en íþróttamennirnir sem þyrftu að komast á mótið einnig duglegir starfsmenn félaganna og ungir áhugamenn í íþróttum, einnig ræddi hann um tilhögun dagskrárinnar og niðurröðun íþróttanna á landsmótinu, og áleit að íþróttunum væri ætlaður of naumur tími þar sem íþróttamenn yrðu að taka þátt í fleiri greinum á skömmum tíma. Næstur talaði Axel Jónsson og sagði að íþróttafulltrúinn hefði engan rétt til að skifta sér af því hvert félögin styrktu sína íþróttamenn til fararinnar eða ekki. Einnig lagði hann áherslu á að vanda vel val íþróttamanna sem taka ættu þátt í mótinu, og umfram allt að fyrirbyggja að menn létu skrá sig til þátttöku, en mættu síðan eigi til leiks. Axel áleit að ekki væri tímabært að ræða um styrkveitingar almennt til félaganna, meðan ekki væri ákveðið um styrkinn til íþróttamannanna. Einnig benti hann á ýmsa galla dagskrárinnar. Þá

tók til máls Njáll Guðmundsson og ræddi um ferðakostnað íþróttamanna og mæltist, til að því yrði haldið áfram, þar sem sambandið hefði gert heldur lítið fyrir sína íþróttamenn í samanburði við önnur félög, og þakkaði þeim trygðina við sambandið. Ennfremur drap hann á að ekki væri unnt að styrkja félagsmenn almennt nema sérstakur ferðasjóður væri fyrir hendi. Þá tók til máls Halldór Lárusson og ræddi dagskrá Landsmótsins og áleit að breyta þyrfti henni þannig að íþróttirnar yrðu eftir hádegi á sunnudeginum, og lagði til að send yrði tillaga til mótsstjórnar þar að lútandi, og jafnvel að fá nærliggjandi héraðssambönd til samstarfs að því, til frekari áréttingar. Næstur tok til máls Ólafur Þórðarson og tók mjög í sama streng, en benti ennfremur á erfiðleika á breytingu dagskrárinnar frá því sem ákveðið væri. Þá tók forseti til máls og lagði til að málinu yrði vísað til nefndar, einnig lýsti hann sig samþykkan því að sambandið styrkti sem flesta til að fara á Landsmótið, og bar fram þá tillögu til athugunar að Sambandið styrkti meðlimina að 1/4 af ferðakostnaði og félögin að 1/4. Þá talaði Jón Guðmundsson og benti á hve íþróttunum væri ætlaður naumur tími á Landsmótinu og áleit að þeim hefði verið vikið til hliðar þar og annað látið setja í fyrirrúmi. Næstur talaði Axel Jónsson og lýsti ánægju sinni yfir því að 4x100 m boðhlaup hefði verið tekið upp í keppnisgreinarnar. Einnig mæltist hann til að rætt yrði við stjórn U.M.F.Í. um hvert að hún væri mótfallin breytingum á dagskránni. Þá ræddi hann um hvert ekki væri mögulegt að keppa til úrslita um leið og undanrásir færu fram þannig að þá fengjust úrslit í sumum greinum á laugardeginum á Landsmótinu. Þá tók til máls Ólafur Þórðarson og áleit að íþróttirnar yrðu ekki hafðar útundan á Landsmótinu eins og sumir vildu halda fram og gerði

í því sambandi lauslegan samanburð á þeim tíma sem íþróttunum væri ætlaður ámóta við önnur atriði. Einnig gat hann þess að íþróttafulltráinn hefði rætt um á sambandsráðsfundinum að keppa til úrslita í sumum greinum um leið og undanrásir færu fram, eftir því sem þætti tiltækilegt. Að lokum gat hann þess að ekki væri mögulegt að binda sig við að taka þá í ferðakostnaði ná að vissu hlutfalli, þar sem allt væri enn í óvissu með fjáröflun. Þá talaði Ásbjörn Sigurjónsson og lagði til að sundkeppnin yrði höfð síðust í röðinni á keppnisskránni á Landsmótinu. Þá gerði forseti hlé á fundi meðan matast var.

__Íþróttaæfingar.__ Njáll Guðmundsson hafði framsögu og gat þess að Sambandið hefði fengið 3000kr. styrk til íþróttaæfinga úr sýslusjóði. Hvatti hann menn til að hefja æfingar hið bráðasta, og gladdist yfir því að þær væru þegar hafnar í U.M.F. Afturelding. Að lokum bar hann fram svohljóðandi tillögu. Þing U.M.F.K. vill eindregið kvetja ungmennafélaga til þess að æfa íþróttir með fyrirhugaðri þátttöku í landsmóti U.M.F.Í. 1949 og samþykkir að taka þátt í þeim kostnaði sem af þessu kann að leiða t.d.

1. Á greiðslu ferðakostnað íþróttamanna á æfingarstað.
2. Í kennslugjald.
3. Á húsaleigu.

__Félagsmál.__ Njáll Guðmundsson hafði framsögu og ræddi um grein í Skinfaxa þar sem sagt var frá fræðslu og skemmtivöku Austur Húnvetninga, og benti á möguleika til að halda slíka skemmtivöku á sambandssvæðinu. Þá talaði Axel Jónsson og tók mjög í sama streng, en lagði til að slík skemmtun yrði aðeins fyrir félaga á sambandssvæðinu. Þá talaði Ásbjörn Sigurjónsson og ræddi um skemmtikrafta á slíkum skemmtunum og áleit að ungmennafélagarnir væru of uppteknir af íþróttaiðkunum til að geta haft slíkan undirbúning aukalega, þar sem vanda þyrfti svo til við skemmtiatriðin svo ekki yrði hæðst að. Þá talaði

Njáll Guðmundsson aftur og fannst æskilegt að ungmennafélagarnir sjálfir önnuðust skemmtiatriðin og áleit að það mundi auka á fjölbreytni félagsstarfsseminnar, en lagði til að því máli yrði vísað til félagsmálanefndar ef ekki yrði um málið frekari umræður. Þá talaði Ásbjörn Sigurjónsspn aftur og kvartaði yfir því hve illa skemmtiatriði væru sótt á samkomum, því menn mættu oft ekki fyrr en dansinn hefðist. Þá tók til máls Axel Jónsson og andmælti því og hélt fram að samkomur sem hefðu uppá að bjóða fleiri skemmtiatriði heldur en dans væru almennt betur sóttar, einnig gat hann þess að það gæfi þeim sem ekki leggja stund á íþróttir kost á að leggja fram starfskrafta sína og skemmta sér. Þá tók til máls Ólafur Þórðarson og áleit vel mögulegt að hafa skemmtiatriði með innansveitar skemmtikröftum á samkomum, og það mundi frekar draga að fólk á öllum aldri. Einnig benti hann á að ekki mætti æfa eingöngu íþróttirnar með landsmótið fyrir augum, heldur þjálfa sem best og almennast. Síðan var málinu vísað til félagsmálanefndar.

Önnur mál. Þá las Njáll Guðmundsson upp bréf sem sambandinu hafði borist frá Í.S.Í. um frumdrög að glímulögum og sagði hann að það hefði orðið, að samþykkt innan stjórnarinnar að kosin yrði 3ja manna nefnd, einn úr hverju félagi, sem skilaði síðan áliti sínu, og sendi til Í.S.Í. Þá gerði forseti fundarhlé til miðdegiskaffidrykkju og nefndarstarfa.

Álit nefnda: Félagsmálanefnd, Njáll Guðmundsson hafði orð fyrir nefndinni og skýrði frá störfum hennar.

A. Fyrst var tillaga um að koma á sameiginlegum skemmti og fræðslusamkomum innan Sambandsins. Lagði nefndin til að stjórninni væri falið að koma því í framkvæmd, ásamt einum manni úr hverju felagi og gerði nefndin sínar tillögur hverjir það væru, þingskjal 2.

B. Glímulögin: Nefndin lagði til að kosin yrði 3ja manna nefnd tið að

athuga uppkast Í.S.Í. að glímulögum og gera um þau sínar tillögur og athugasemdir ef þurfa þykir og senda síðan stjórn U.M.F.K. þær, nefndin lagði ennfremur til hverjir kosnir yrðu. Þingskjal 3.

C. Sýsluglíman: Nefndin beindi þeim tilmælum til íþróttaráðs að láta sýsluglímuna fara fram á næsta starfsári, og benti á það sem tilvalið skemmtiatriði á fræðslu og kemmtikvöldi. Þingskjal 4.

Fleira lá ekki fyrir félagsmálanefnd og voru þá tillögur hennar bornar upp undir atkvæði fyrst tillaga um fræðslu og skemmtikvöld og hún samþykkt samhljóða, einnig tillagan um Glímulög, um tillöguna um sýsluglímu hafði Ólafur Þórðarson kvatt sér hljóðs til að svara fyrir hönd stjórnarinnar um að ekki hefði verið mögulegt að koma á sýsluglímu sökum ónógrar þátttöku. Síðan var tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt einnig samhljóða. Þingskjal 4.

Allsherjarnefnd: Jón Guðmundsson hafði orð fyrir nefndinni og skýrði frá störfum hennar.

A. Fyrst var tillaga um breytingu á dagskrá Landsmótsins að Eiðum 1949 þannig að keppt verði til úrslita í köstum og stökkum um leið og undanrásir fara fram, ennfremur að ekki verði keppt í frjálsíþróttum fyrr en eftir hádegi á sunnudeginum. Þessari tillögu fylgdi greinargerð þar að lútandi að vænta mætti betri árangurs með því fyrirkomulagi. Þingskjal 5.

B. Þá lagði nefndin fram áskorun til alþingis um að samþykkja fram komið frumvarp um slysatryggingar íþróttamanna. Þingskjal 6.

C. Að síðustu var tillaga um að styrkja alla félagsmenn á sambandssvæðinu til að sækja Landsmótið að Eiðum 1949. Þá gaf forseti orðið laust til umræðna um álit allsherjarnefndar. Fyrstur tók til máls Ólafur Þórðarson og lagði til að því yrði bætt við að breyting dagskrárinnar

mundi spara tíma og einnig fyrirbyggja að verulegu leiti að keppendur þurfi að taka þátt í mörgum greinum samtímis. Þá talaði Ásbjörn Sigurjónsson og áleit að greinargerð nefndarinnar væri það greináleg að ekki þyrfti við hana að bæta. Þá talaði Jón Guðmundsson og lagði til að viðbótargreinargerð Ólafs Þórðarsonar yrði bætt við. Síðan var greinargerð Ólafs Þórðarsonar bætt við greinargerð allsherjarnefndar, og orðið gefið laust til frekari umræðna, en svo var ekki. Þá var tillagan borin upp í heild og samþykkt samhljóða. Þá var tillagan um slysatryggingar íþróttamanna borin upp og samþykkt samhljóða. Þá tók til máls Ólafur Þórðarson og bar fram tillögu um að fela stjórninni að skrifa til sem flestra héraðssambanda með óskum um stuðning við breytingartillögu varðandi dagskrá Landsmótsins á Eiðum þingskjal 7. Þá var tillagan um almennan ferðastyrk gefin laus til umræðna. Fyrstur talaði Ólafur Ág. Ólafsson og taldi tillöguna ófullkomna, og sagði að það þyrfti að vera einhver ákveðin ferðastyrkur sem fólk mætti búast við, og einnig að engar leiðir hefðu verið fundnar til fjáröflunar. Þá talaði Axel Jónsson og áleit ekki mögulegt að binda styrkinn við neina vissa upphæð þar sem allt væri enn í óvissu með tekjur og gjöld. Þá talaði Oddur Þórðarson og svaraði fyrir hönd allsherjarnefndar og sagði að tillögunni hefði verið beint til stjórnarinnar og fjáröflunarnefnd ætlað að afla tekna fyrir ferðastyrkinn. Þá talaði Ólafur Þórðarson og sagði að það væri eitt atriði sem þyrfti að fást ákveðið, hvert styrkja ætti félagsmenn almennt, og lagði til að alltaf væri starfandi ferðasjóður. Þá talaði Ólafur Ág. Ólafsson og lagði til að frestað yrði að bera tillöguna undir atkvæði fyrr en fjárhagsnefnd hefði skilað áliti sínu.

<u>Fjárhagsnefnd:</u> Ólafur Þórðarson hafði orð fyrir nefndinni.

A. Fyrst var fjárhagsáætlun fyrir árið 1949. Þingskjal 8.

B. Tillaga um að ef sjóður sambandsins hrikki ekki til vegna kostnaðar við landsmótið að Eiðum, að leita til sambandsfélaganna um fjárhagslegan stuðning í hlutfalla við félagstölu. Þingskjal 9.

C. Tillaga um að kosin verði 5 manna fjáröflunarnefnd. Þingskjal 10.

D. Þá lýsti fjárhagsnefnd sig samþykka tillögu frá Njáli Guðmundssyni um styrkveitingu til æfinga undir væntanlegt Landsmót. Þingskjal 11.

Þá var orðið gefið laust til umræðna um nefndarálit fjárhagsnefndar. Þá tók til máls Oddur Þórðarson og lýsti sig samþykkan að íþróttamennirnir yrðu styrktir af félögunum umfram það sem sambandið væri megnugt eftir félagsmannatölu, en almennt þátttaka eftir þátttökufjölda. Þá voru tillögurnar bornar upp, fyrst tillagan um styrk vegna kostnaðar við Landsmótið úr félagasjóður og hún samþykkt samhljóða. Þá tillagan um fjáröflunarnefnd einnig samþykkt samhljóða. Þá tillaga um styrk vegna kostnaðar við íþróttaæfingar einnig samhljóða. Þá hafði komið fram tillaga frá Ólafi Ág. Ólafssyni um að stofnaður yrði sérstakur ferðasjóður innan sambandsins, sem styrkti sameiginlegar hópferðir sambandsfélaga. Og að lagt sé í þann sjóð 1/4 hluti þess sem fjáöflunarnefnd aflar á hverju starfsári, síðan var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða þingskjal 12, einnig var samþykkt að láta tillögu frá allsherjarnefnd um sama efni falla niður. Þá kom fram tillaga frá Njáli Guðmundssyni um að senda formanni sambandsins sem lægi á sjúkrahúsi kveðju frá þinginu. Þingskjal 13.

<u>Stjórnarkosning.</u>

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Formaður var kosinn | Gísli Andrésson | með | 11 | atkv. |
| Ritari " " | Teitur Guðmundsson | - | 11 | - |
| Gjaldkeri " " | Ólafur Þórðarson | - | 11 | - |

Í varastjórn

Formaður var kosinn Njáll Guðmundsson með 9 atkv.

Ritari var kosinn Bjarni Þorvarðarson með 8 atkv.
féhirðir " " Halldór Lárusson " 8 "

Aðrar kosningar. Endurskoðendur voru kjörnir Jón Guðmundsson og Magnús Lárusson og til vara Ólafur Ág. Ólafsson. Þá voru kosnir fulltrúar á þing Ungmennasambands Íslands þeir Axel Jónsson og Teitur Guðmundsson og til vara Njáll Guðmundsson og Ólafur Þórðarson. Fulltrúi á þing Frjálsíþróttamanna var kosinn Jón Guðmundsson og til vara Halldór Lárusson. Fulltrúi á þing Íþróttasambands Íslands var kosinn Axel Jónsson og til vara Halldór Lárusson. Þá voru kosnir 5 menn í fjáröflunarnefnd þeir Bjarni Þorvarðarson, Axel Jónsson, Ásbjörn Sigurjónsson, Jón Guðmundsson og Magnús Lárusson. Til vara þeir Ólafur Þórðarson, Njáll Guðmundsson og Ólafur Ág. Ólafsson. Njáll Guðmundsson er fyrsti varamaður. Þá lá ekki fleira fyrir þinginu og þakkaði formaður fulltrúum fyrir vel unnin störf og góða samvinnu og sagði þingið slitið.

# Þingskjöl.

1. Dagskrá 26. þings U.M.F.K.

    1. Þingsetning
    2. Kosninga kjörbréfanefndar og álit hennar
    3. Kosnir starfsmenn þingsins.
    4. Skýrsla stjórnarinnar.
    5. Reikningar sambandsins.
    6. Nefndarkosning.
    7. Landsmótið að Eiðum 1949.
    8. Íþróttaæfingar.
    9. Félagsmál.
    10. Önnur mál.
    11. Nefndarálit.
    12. Stjórnarkosning.
    13. Kosning fulltrúa á þing U.M.F.Í. 1949.
    14. Aðrar kosningar.
    15. Þingslit.

2. Félagsmálanefnd lýsir sig eindregið fylgjandi því að haldnar verði fræðslu og skemmtisamkomur innan sambandsins. Keppa skal að því að ungmennafélagar sjálfir annist skemmtiatriði t.d. leikrit, vikivaka, söng og upplestur, kvikmyndir og aðrar sýningar ef unnt er. Ef þurfa þykir og ástæður leyfa, þá skal fá skemmtikrafta annarsstaðar frá. Þingið kýs þrjá menn, einn frá hverju félagi til þess að vinna að þessu ásamt stjórn sambandsins. Síðan getur hvert félag kosið menn hverjum þessara þriggja manna til aðstoðar. Nefndin leggur til að þessir menn verði kosnir.

Páll Ólafsson Brautarholti

Ásbjörn Sigurjónsson Álafossi

Karl Andrésson Hálsi.

3. Félagsmálanefndin samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd til þess að athuga tillögur að glímulögum Í.S.Í. og gera um þær tillægur og athugasemdir ef þurfa þykir. Skal nefndin ljúka störfum fyrir 10 des. 1948 og senda álit sitt til stjórnar U.M.S.K. Nefndin leggur til að þessir menn verði kjörnir

Davíð Guðmundsson Miðdal

Lárus Halldórsson Brúarlandi

Bjarni Þorvarðarson Bakka.

4. Félagsmálanefnd endurtekur tilmæli sín til íþróttaráðs um að láta sýsluglímuna fara fram á næsta starfsári. Bendir nefndin á það slíkt sé tilvalið til skemmtunar á fræðslu og skemmtikvöldi.

5. 26. þing U.M.S.K. lýsir óánægju sinni á áður auglýstri dagskrá landsmóts U.M.F.Í. að Eiðum 1949. og leggur til eftirfarandi.

I Að keppni í stökkum og köstum verði hagað þannig að úrslit fari fram þegar að afloknum undanrásum í hverri grein en ekki frestað til annars tíma.

II Að dagskrá sunnudagsins verði breytt þannig að frjálsíþróttakeppni fari fram eftir hádegi.

Greinargerð.

Þingið telur æskilegt að úrslitakeppni í stökkum og köstum fari fram þegar eftir undanrásir þar eð það lítur svo á að betri árangurs megi vænta ef þannig er hagað til, einnig muni það spara tíma á mótinu og

fyrirbyggja að verulegu leiti að keppendur þurfi að vera í mörgum íþróttagreinum samtímis. Ennfremur álítur þingið að íþróttamenn njóti sín betur í keppni seinnipart dags, telur þessvegna þessar breytingar nauðsynlegar á dagskránni.

6. 26. þing U.M.S.K. haldið 21 nóv. 1948 skorar á Alþingi að samþykkja framkomið frumvarp um slysatryggingar íþróttamanna.

7. Þingið felur stjórn sambandsins að senda tillögu þá og greinargerð sem þingið hefir samþykkt um breytingu á dagskrá Landsmótsins að Eiðum til annara héraðssambanda með áskorun um að þau sendi tilmæli einnig til sambandsstjórnar U.M.F.Í.

8. Fjárhagsáætlun U.M.S.K. 1949.

| | Tekjur | Gjöld. |
|---|---|---|
| Félagssjóður í ársbyrjun | 4826.11 | |
| Skattar frá félögunum | 200.00 | |
| Ágóði af samkomum og fjáröflun | 5000.00 | |
| Styrkur úr sýslusjóði | 5000.00 | |
| Til íþróttaæfinga og íþróttakennslu | | 2000.00 |
| Til íþróttavalla | | 1000.00 |
| Önnur gjöld | | 1000.00 |
| Kostnaður við Landsmótið | | 10.000.00 |
| Til næsta árs | | 1026.11 |
| | 15026.11 | 15026.11 |

9. Fari svo að kostnaður sambandsins við landsmótið verði meiri en að tekjur sambandsins nægi verði leitað til sambandsfélaganna um fjárhagslegan stuðning í hlutfalli við félagatölu hvers félags.

BÓKASAFN
UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

10. Fjárhagsnefnd leggur til að kosin verði fimm manna fjáröflunarnefnd er starfi að því að afla fjár fyrir sambandið t.d. með samkomum hlutaveltu eða öðru, sem hún áliti heppilegt.

11. Þing U.M.S.K. vill eindregið hvetja ungmennafélaga til þess að æfa íþróttir með fyrirhugaðri þátttöku í landsmóti U.M.F.Í. 1949 og samþykkir að taka þátt í þeim kostnaði sem af þessu kann að leiða t.d.

1. Í greiðslu ferðakosnað íþróttamanna á æfingarstað.
2. í kennslugjald
3. í húsaleigu.

12. 26. þing U.M.S.K. 1948 samþykkir að stofnaður verði ferðasjóður innan sambandsins, sem styrkir sameiginlegar hópferðir sambandsfélaga. Meðferð sjóðsins og fjáröflun annast fjáröflunarnefnd sambandsins á hverjum tíma. Lagt sé í sjóðinn árlega allt að 1/4 þess fjár, sem aflaður er af nefndinni.

13. Þingið samþykkir að senda Gísla Andréssyni formanni sambandsins, sem liggur á sjúkrahúsi kveðju síma.